

Aðalfundur Ísfélags hf.

Verður haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2026 á Tangagötu 1, Vestmannaeyjum, kl. 16:00 í samræmi við tilkynningu félagsins til Kaupahallar, þann 25. mars 2026. Fundurinn verður einnig haldinn með rafrænum hætti og verður hluthöfum jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Lumi AGM án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað.

Dagskrá fundarins er með eftirfarandi hætti

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi þess sl. ár
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tillaga um starfskjarastefnu
4. Kosning fimm stjórnarmanna
5. Kosning endurskoðenda félagsins
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
7. Tilnefning tveggja utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd
8. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum
9. Tillaga um hækkun hlutafjár
10. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega

Framboð til stjórnar:

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega um framboð til stjórnar minnst fimm dögum fyrir aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 11. apríl 2026. Framboðum skal skila á skrifstofu Ísfélags hf., Tangargötu 1 eða á netfangið fjarfestatengsl@isfelag.is Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

Stjórnarkjör fer fram samkvæmt meirihlutakosningu á milli einstaklinga, nema réttmæt krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum er ráða minnst 1/10 hlutafjárins. Krafa þess efnis skal hafa borist stjórn félagsins fyrir kl. 16:00 föstudaginn 11. apríl 2026 á tölvupóstfangið fjarfestatengsl@isfelag.is

Nánari upplýsingar um fundarsókn og atkvæðagreiðslu:

Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á Tangagötu eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð fer fram tveimur dögum eftir viðskiptin og því er mælt til þess að síðasti viðskiptadagur sé þann 14. apríl 2026, vilji hluthafi beita réttindum sínum á fundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig tímanlega á vefsíðunni www.lumiconnect.com/events/isfelagagm2026 eigi síðar en kl. 16:00 þann 15. apríl 2026, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá fundarins og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 16:00 þann 6. apríl 2026. Slík erindi skulu send á tölvupóstfangið fjarfestatengsl@isfelag.is og munu þau verða birt á vefsíðu félagsins. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögu fyrir þann tíma verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn. Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins.

Breyting á samþykktum.

Tillaga stjórnar undir dagskrárlíðum 9 og 10 felur í sér 10% hækkun hlutafjár eða um allt að kr. 81.861.231 sem veitir stjórn svigrúm til að fjármagna ytri eða innri vöxt félagsins. Jafnframt er lagt til að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum.

Endanleg dagskrá, tillögur, ársreikningur fyrir árið 2025 og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vefsíðu félagsins, www.isfelag.is í síðasta lagi tveimur vikum fyrir fundinn. Auk þess verða gögnin aðgengileg í höfuðstöðvum félagsins.

Stjórn Ísfélags hf.